

Frá félagi eldri Mývetninga.

Formaður Landssambands eldri borgara Haukur Ingibergsson ásamt fleirum úr landsstjórn, ætla að heimsækja Norðausturland eftir helgina.

***Þau heimsækja okkur
mánudaginn 17. ágúst, kl. 10:30.***

***Formanninn langar að hitta félagana hér í sveit og spjalla
um hitt og þetta varðandi réttindi félaganna.
Einnig vill hann hitta fulltrúa sveitastjórnar
og mun Yngvi Ragnar koma á fundinn.***

***Vonumst til að sem flestir félagar gefi sér tóm til að koma
í smá kaffispjall í Myllunni Hótel Reyhlið kl. 10:30.***

Stjórnin.

***P.s. Sumarferðin er áætluð 29. eða 30. ágúst, fer eftir veðurspá.
Nánar auglýst síðar.***

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

30. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 12. ágúst 2015

Afmælisbörn dagana 13. ágúst — 19. ágúst 2015

13. Jón Friðriksson.
14. Þórhildur Jónsdóttir.
15. Aðalsteinn Dagsson, Davíð Björn Héðinsson.
17. Arnar Halldórsson, Hulda Harðardóttir, Krzysztof Talarek.

Fornir fimmtudagar – Ingiríðarstaðir í Þegjandadal.

Fimmtudaginn 13. ágúst verður gengið að kumlateignum á Ingiríðarstöðum á Þegjandadal.

Þar tekur Howell Magnús Roberts deildarstjóri hjá Fornleifastofnun Íslands á móti gestum og segir frá því helsta sem komið hefur í ljós frá síðustu heimsókn (2012).

Farið verður frá bílplaninu við Grenjaðarstað, klukkan 18:00 og er áætlaður göngutími um 1 klst. hvora leið og 3 - 4 í heildina. Minnum á skjólgóðan klæðnað og góða gönguskó.

Fimmtudaginn 20. ágúst verður farið á minjastaði í Laxárdal auk þess sem haldinn verður aðalfundur félagsins. Staður og stund auglýst síðar.

Hið þingeyska fornleifafélag



Starfsmaður óskast.

Jarðböðin við Mývatn
óska eftir að ráða karlmann í fullt starf og það til framtíðar.
Um er að ræða starf við baðvörslu, afgreiðslu, þrif og önnur tilfallandi störf.

Æskilegt er að viðkomandi sé með ríka þjónustulund, góður í mannlegum samskiptum og vel talandi á ensku. Kostur er að hafa vald á fleiri tungumálum.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti til friduson@jardbodin.is

Fyrir hönd Jarðbaðanna í Mývatnssveit
Gunnar Atli Fríðuson framkvæmdastjóri.